



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Flutningur Vesturmiðstöðvar í Borgartún 12-14

Lagt er til að Vesturmiðstöð flytjist í Borgartún 12-14 úr núverandi húsnæði að Austurstræti 8-10. Móttökurými verði samnýtt með þjónustuveri Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Vesturmiðstöð hefur verið í húsnæðisvanda um nokkurt skeið. Eftir flutning frá Laugavegi 77 í apríl 2024 vegna innivistarvanda var starfsemin færð tímabundið í Austurstræti 8-10. Húsnæðið þar hentar illa hvað varðar staðsetningu, vinnurými og móttöku íbúa. Samningur um afnot rennur út um áramót og ekkert hentugt húsnæði hefur fundist á þjónustusvæði Vesturmiðstöðvar. Dæmi eru um að starfsfólk hafi farið í langtímaveikindi sem það rekur til húsnæðisins.

Húsnæði sem mætir þörfum

Húsnæðið í Borgartúni 12-14 uppfyllir að mestu leyti allar helstu þarfir Vesturmiðstöðvar. Staðsetningin er ekki innan hverfismarka Vesturmiðstöðvar en þó alveg á mörkum þess. Aðgengi er gott fyrir fatlað og eldra fólk, staðsetning er nálægt almenningssamgöngum og með ásættanlegt magn bílastæða. Fjöldi fundarherbergja er nægilegur og aðgengi er að hjólastæðum og mótuneyti borgarinnar. Jafnframt fylgja margskonar jákvæð samlegðaráhrif því að vera í sama húsi og skrifstofur velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs (SFS).

Betri nýting rýmis

Í Borgartúni eru laus rými sem mæta þörfum starfseminnar en þörf er á endurhönnun móttökunnar á jarðhæð svo flutningur gangi upp m.a. með uppsetningu viðtalsrýma. Hanna þarf rýmið með tilliti til öryggis og aðgengis. Með samnýtingu á móttökurými verður betri nýting á húsnæði og tækifæri til umbóta og samræmingar í framlínupjónustu borgarinnar.

Umfang

Velferðarsvið heldur utan um húsnæðismál miðstöðva sbr. samning velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um samstarf og verkaskiptingu milli sviðanna vegna innleiðingar og framkvæmdar verkefnisins *Betri borg fyrir börn* í fjórum borgarhlutum Reykjavíkurborgar, dags. 3. mars 2022.





Reiknað er með að um 90 manns flytjist frá Austurstræti í Borgartún og er þar talið með starfsfólk SFS. Fyrir eru um 20 starfsmenn þjónustuvers borgarinnar með vinnuaðstöðu í móttökunni á 1. hæð og um 35 manns í Rafrænni miðstöð sem staðsett er á 2. hæð vestur. Gert er ráð fyrir að hluti af starfsemi Rafrænnar miðstöðvar færist á 1. hæð samhliða flutningum þar sem þau eiga mikla samlegð með móttökunni.

Mikilvægi breytingarinnar

Flutningurinn hefur margvíslegar jákvæðar breytingar í för með sér:

- Framtíðarhúsnæði tryggt fyrir Vesturmiðstöð en samningur vegna núverandi húsnæðis rennur út um áramót og ekkert annað hentugt húsnæði hefur fundist á þjónustuvæði miðstöðvarinnar. Lausnin eyðir óvissu um staðsetningu og tryggir varanlegt aðsetur.
- Bætt aðgengi og upplifun íbúa. Borgartún er nálægt almenningssamgöngum, með ásættanlegt magn bílastæða og góðu aðgengi fyrir fatlað og eldra fólk. Með endurhönnun á móttöku er hægt að búa til hlýlegt og öruggt umhverfi fyrir íbúa og starfsfólk.
- Lægri húsnæðiskostnað, betri nýtingu á núverandi leiguhúsnæði og ábyrga nýtingu fjármuna.

Niðurstaða

Flutningur Vesturmiðstöðvar í Borgartún 12-14 og samnýting móttöku með þjónustuveri er hagkvæm og framtíðarmiðuð lausn sem leysir húsnæðisvanda miðstöðvarinnar og leggur grunn að auknum tækifærum til umbóta í framlínuþjónustu borgarinnar.

Næstu skref

Veiti velferðarráð samþykki fyrir flutningunum verður farið í hönnun á móttökunni í Borgartúni í samvinnu við þjónustuver Reykjavíkurborgar og alla helstu hagaðila með það að markmiði að hanna örugga, vel skipulagða og hlýlega móttöku sem mætir þörfum íbúa og starfsfólks. Strax og hönnun og útfærsla liggur fyrir verður farið í framkvæmdir og svo flutninga. Áætlað er að flutningum ljúki fyrir árslok.



Reykjavík